

réttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lín-
dal og Eggerts Claessen, kr. 75.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu er skipstjórinn á togaranum Belgaum, Aðalsteinn Pálsson, sakaður um ólöglegar veiðar í landhelgi svo og um það að hafa gefið öðrum veiðiskipum upplýsingar um ferðir varðskipanna við Ísland. Undir rannsókn málsins hefir loftskiptamaður kærða, Ingólfur Mattliasson, mætt sem vitni, og verið spurður um efni þeirra skeyta, sem hann hafi annazt um afgreiðslu á, með því að telja verður, að upplýsingar um það geti haft verulega þýðingu í máli þessu. Vitnið hefir neitað að svara öllum spurningum hér að lútandi og byggir vitnið neitun sína á því, að slíkar upplýsingar bryti í bága við þagnarheit, sem það hefir unnið. Rétturinn verður hinsvegar að líta svo á, að þagnarheit þetta sé eigi bindandi, er vitnisburðar er krafizt í opinberu máli sem því, er hér liggur fyrir, og ber því, þar sem umræddar upplýsingar geta, eins og að framan greinir, haft verulega þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, að skylda vitnið til að gefa umræddar upplýsingar.

Föstudaginn 9. október 1936.

Nr. 62/1936. Valdstjórnin

gegn

Magnúsi Norðfjörð Magnússyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn þessa máls er að ýmsu leyti ábótavant og verður að leggja fyrir rannsóknardómarann að halda framhaldsrannsókn, áður en málið er dæmt í hæstarétti, um eftirgreind atriði:

1. Taka ber skýrslu af stúlkum þeim, sem upphaflega kærðu fyrir lögreglunni, að kærði hefði ekið bifreið ölvaður, en hvorug þeirra hefir verið kvödd til að bera vitni í málinu, og í dómsgjörðunum er aðeins önnur þeirra, Bergrós Jensdóttir, nafngreind. Sérstaklega ber að upplýsa, af hverju stúlkurnar álitu kærða vera ölvaðan við aksturinn, hvert til efnið var til þess, að þær kærðu hann, og hvort þær hafi sjálfar verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.

2. Þá ber og að rannsaka, hvort sá framburður kærða í réttarhaldi 7. apríl 1936 sé réttur, að hann hafi neytt áfengis með Guðmundi Guðmundssyni aðfaranótt 5. apríl s. l., eftir að kærði var hættur akstri, en áður en hann var sóttur af lögregluþjónunum, og ef svo er, hversu mikið og hvaða áfengis- tegund þeir hafi drukkið. Í þessu skyni ber að taka skýrslu af þeim Guðmundi Guðmundssyni og Skúla Zophoníassyni, er um ræðir í prófum málsins.

3. Vitnið Hjálmar Jóhannsson, sem að vísu kann að hafa brotið ákvæði 17. gr., 1. mgr., og 21. gr., 3. mgr., áfengislaganna, ber að yfirheyra nánar um áfengisneyzlu kærða og spyrja hann að, hvort hann hafi séð vínáhrif á kærða í umrætt skipti.

4. Loks ber rannsóknardómaranum að afla þeirra frekari upplýsinga, sem framhaldsprófin gefa til efni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega fram-
annefndar skýrslur og upplýsingar eins fljótt og
verða má.